

AUGLÝSING

um vörur sem heimilt er að flytja út án útflutningsleyfa.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 8. gr. rg. nr. 519/1979 um skipan gjaldeyris og viðskiptamála hefur viðskiptaráðuneytið ákveðið að útflutningur á vörum, sem flokkast undir eftirtalin númer íslensku tollskrárinnar, verði undanþeginn leyfi ráðuneytisins:

15.04
17.04
18.06
19.07 — 19.08
20.05 — 20.07
21.02 — 22.10
25.01 — 40.16
41.02 — 99.06

Ákvæði 1. mgr. nær einungis til innlendra iðnaðarvara en ekki til iðnaðarvara, sem eru endurútfluttar.

2. gr.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. janúar 1984.

Viðskiptaráðuneytið, 22. desember 1983.

Matthías Á. Mathiesen.

Pórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1984 o. fl.

1. gr.

Þinggjöld skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1984. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánaðanna janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 12,6% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1983.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1984 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög á milli árana 1982 og 1983 að tekjuskattstofn á tekjuárinu 1983 sé meira en 25% lægri en tekjuskattstofn hans var á tekjuárinu 1982 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 50%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á